



Mosfellsbær

b/t Haraldar Sverrissonar, bærarstjóri
Afrít á Arnar Jónsson staðgengil bærarstjóra
Þverholti 2,
270 Mosfellsbæ

Varðar: Þjóðarleikvangur-Þjóðarhöll – Ósk eftir málum á dagskrá

1. Áskorun um að byggja Þjóðarleikvang-Þjóðarhöll á Íslandi virðist standa í stjórn málamönnum í dag. Haft er eftir borgarstjóra Reykjavíkur að þar á hafi verið teknað frá 2 milljarðar til að byggja íþróttahús fyrir íþróttafélögin í Laugardal, Þrótt og Ármann (samtals um 1700 iðkendur). Það nefndi borgarstjóri í umræðu um Þjóðarhöll á vefmiðli RÚV nýlega (17..2022) Í Aftureldingu, skv. tölum frá 2019, eru iðkendur í barna- og unglingastarfi um eða yfir 1400. Þá er ekki upptalinn fjöldi í meistaraflokkum og trimmhópum. Um yrði að ræða þjóðarleikvang fyrir handbolta og körfubolta.

Fulltrúi Miðflokksins í Mosfellsbæ telur mikilvægt að Mosfellsbær kanni staðsetningu fyrir slíka höll í Mosfellsbæ. Í ljósi umtalsverðra umferðartafa og fyrirsjáanlegra umferðartafa með tilkomu borgarlínu, er mikilvægt að koma Mosfellsbæ á kortið sem góðum stað fyrir Þjóðarleikvang-Þjóðarhöll.

Ég óska eftir máli á dagskrá um efnið á næsta bæjarráðsfundi ásamt eftirfarandi málum. Mun ég koma efni um þessi mál fyrir fundinn.

2. Skólamáltíðir fyrir yngstu kynslóðarinnar í grunnskólum verði endurgjaldslaus með öllu. Þá er átt við 1., 2. og 3. bekkja grunnskóla Mosfellsbæjar.
3. Frí strætókort (Klappið) fyrir ungmenni í 6. til 7. bekkjum grunnskóla Mosfellsbæjar

Þetta eru því 3 mál á dagskrá sem skulu bera framan greind heiti.

Mosfellsbæ 18. apríl 2022

**Virðingarfyllst,
Sveinn Óskar Sigurðsson
Fulltrúi Miðflokksins í bærarstjórn og
Bæjarráði Mosfellsbæjar**



GREINARGERÐ

1. Mál: Þjóðarhöll – Þjóðarleikvangur fyrir handbolta og körfubolta

Hjá Aftureldingu, skv. gögnum frá Aftureldingu (2019, bls. 4), eru um eða yfir 1400 iðkendur í barna- og unglingastarfi. Að auki spilar fjöldinn allur iðkenda undir merkjum félagsins í meistaraflokkum og trimhópum. Deildirnar eru orðnar 11 hjá Aftureldingu: Badminton; Blak; Fimleikar; Frjálsar; Handbolta; Hjól; Karate; Knattspyrnu; Fótbolta.

Auk þessa hefur verið rætt um að koma á Rafíþróttadeild sbr. 3. dl. fundar aðalstjórnar Aftureldingar 2. október 2019. Var erindi um það vísað til formannafundar „til umræðu“. Ekki er vitað hvernig málið hefur þróast.

Augljóst er að í stækkandi bæ mun iðkendum fjölga og þrengra verður um þá sem vilja stunda hinar margvíslegu íþróttir í stækkandi bæjarfélagi.

Til samanburðar hefur borgarstjóri Reykjavíkur „lagt til hliðar“ um 2 milljarða í áformaðar framkvæmdir fyrir tvö íþróttafélög og nefndir slíkt í fréttum (17.4.2022 á RÚV) nýlega en þau félög telja samtals um 1700 iðkendur (félögin Þróttur og Ármann). Svo virðist sem hann dragi þetta fram til að þrýsta á ríkið að koma með mótframlag svo hefja megi uppbyggingar þjóðarhallar eftir áskorun þjálfara landsliðs Íslendinga í handbolta (HSÍ). Í þessu samhengi og til að nýta slíka höll betur má telja hyggilegt að byggja þjóðarhöll fyrir bæði handbolta og körfubolta (KKÍ). En slíkt þarf að ræða og vinna í samráði við framangreind landssambönd. Með bættri nýtingu og sveigjanleika ætti að vera hægt að færa gild rök fyrir byggingu af þeirri stærðargræðu (fyrir allt að 6 þúsund áhorfendur) eða stærri kalli fjárhagsleg greining á slíkt.

Telja má vera að svæðið við Ullarnesbrekkur og tjaldstæðið, ásamt rúmlega 6 hektara lóð (L174024) á Sólvöllum, sem í tugi ára hefur verið hugsað fyrir einka-hátækisjúkrahús, sem aldrei varð, gætu hentað fyrir byggingu af þessu tagi.

2. Mál: Skólamáltíðir – Endurgjaldslausar máltíðir í hádegi fyrir börn 1., 2. og 3. bekkja

Samkvæmt upplýsingum um börn á aldrinum 2-5 ára með lögheimili í Mosfellsbæ (sjá fjárhagsáætlun 2022-2025) eru börn á leikskólaaldri á aldrinum 2-5 ára og með lögheimili í bæjarfélaginu um 700 talsins. Það að miða við þennan árgang er verið að meta þau börn sem í næstu framtíð munu njóta þessa. Þau sem eru 1 árs (fædd 2020) erum um 180, samtals um 880 börn frá 1-5 ára. Má því áætla að framangreindir árgangar fyrsta til og með þriðja bekkjar séu m 530 talsins. Í gjaldskrá Mosfellsbæjar, sem tók gildi 1. ágúst 2021, segir í 1. gr. hennar að „Hver máltíð kostar 421 kr“. Á dag næmi þessi kostnaður um kr. 223 þúsundum á dag og um 4,4 milljónum á mánuði eða um 50 milljónir króna árlega. Hið sama ætti að eiga við önnur börn með sérþarfir og fatlaða á sama aldri sæki þau nám eða vistun utan heimilis á hefðbundnum skólatíma.

3. Frítt í Strætó fyrir ungmenni 6. til 7. bekkjar grunnskóla Mosfellsbæjar

Samkvæmt upplýsingum um grunnskólabörn í Mosfellsbæ (sjá fjárhagsáætlun 2022-2025) voru 1918 börn skráð með lögheimili í bæjarfélaginu í upphaf skólaársins 2021-2022. Þetta telur því að meðaltali 192 í árgangi. Sé gert ráð fyrir því myndu 2 árgangar getað nýtt sér þennan kost og nýtt almenningssamgöngur til að komast leiðar sinnar. Árskort á Klappi Strætó kostar kr. 40 þúsund krónur og næmi þetta því um kr. 15,3 milljónum árlega. Hið sama ætti að eiga við önnur börn með sérþarfir og fatlaða á sama aldri sæki þau nám eða vistun utan heimilis á hefðbundnum skólatíma.



Heimildir-fylgiskjöl

Afturelding (UMFA), Fyrirmyndafélag ÍSÍ, 1. apríl 2019
Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2022-2025 – dags. 25. október 2021
Önnur gögn sem málið varðar, sbr. gjaldskrár oþh.